# GJALDSKRÁ

**fyrir búfjáreftirlit í Vesturbyggð.**

1. gr.

Umráðamaður búfjár skal greiða gjald fyrir sérstaka aukaskoðun búfjáreftirlitsmanns sem fram fer skv. 11. gr. laga um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002. Gjald fyrir hverja skoðun er 5.000 kr. án virðisaukaskatts. Innifalið í gjaldinu er vinna búfjáreftirlitsmanns og akstur.

2. gr.

Komi til þess að grípa þurfi til handsömunar, fóðrunar og/eða hýsingar gripa samkvæmt ákvæðum laga um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002 skal búfjáreigandi greiða gjald sem nemur útlögðum kostnaði sveitarfélagsins við handsömun, fóðrun og/eða hýsingu í hvert sinn.

3. gr.

Gjaldskrá þessa skal endurskoða árlega.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002 og tekur þegar gildi.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 16. maí 2011.*

F. h. r.
**Óskar Páll Óskarsson.**

*Ása Þórhildur Þórðardóttir.*